

TILLÖGUR STJÓRNAR LSBÍ TIL BREYTINGA Á SAMÞYKKTUM

Stjórn LSBÍ leggur til breytinga á 5. gr. samþykktta sjóðsins en þær eru til þess fallnar að aðlaga samþykktir sjóðsins að breyttum lögum.

Viðbótartillögur við samþykktirnar eru auðkenndar með **grænu letri** og sá texti sem lagt er til að verði eytt, er auðkenndur með **rauðu letri og yfirstrikun**.

Breytingar á 5. gr.

5. gr. Ársfundir

Skylt er stjórn sjóðsins að boða til ársfundar sjóðfélaga fyrir lok júní ár hvert.

Stjórnin skal boða ársfundinn með minnst viku fyrirvara með bréfi eða á annan sannanlegan hátt. Í fundarboði skal geta dagskrár. Ársfundur er löglegur sé löglega til hans boðað. Skylt er stjórninni að boða til aukaársfundar, ef meirihluti stjórnar telur ástæðu til, eða ef sjóðfélagar sem að eiga samanlagt 10% af atkvæðamagni í sjóðnum krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Aukaársfund skal boða á sama hátt og ársfund. Um fundarsetu og atkvæðisrétt á aukaársfundum gilda sömu reglur og á ársfundi.

Á ársfundi skal gerð grein fyrir skýrslu stjórnar vegna liðins starfsárs, ársreikningum sjóðsins fyrir sama tímabil, tryggingafræðilegri athugun, fjárfestingarstefnu sjóðsins, ~~og~~-tillögum stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins, **tillögum stjórnar á endurskoðanda og tillögur að skipan utanaðkomandi aðila í endurskoðunarnefnd, ef við á.**

Skýrsla stjórnar skal greina öll þau atriði sem fram koma í 41. gr. laga nr. 129/1997 og skýrsluna skal senda Fjármálaeftirlitinu þegar eftir undirritun ársreiknings.

Á sjóðfélagafundi skal annað hvert ár kjósa fulltrúa í sjóðstjórn.

Hver sjóðfélagi skal hafa eitt atkvæði á ársfundi. Sjóðfélagar eiga einir atkvæðisrétt á ársfundi.

Dagskrá ársfundar:

- Skýrsla stjórnar.
- Kynning á ársreikningi.
- Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun.
- Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins.
- Kosning tveggja stjórnarmanna og varamanna þeirra, annað hvert ár.
- Kjör endurskoðanda **eða endurskoðunarfyrtækis.**
- Kjör utanaðkomandi aðila í endurskoðunarnefnd, ef við á.**
- ~~h.~~ Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Um tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 22. greinar.
- ~~i.~~ Laun stjórnarmanna.
- ~~j.~~ Önnur mál. Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

Rökstuðningur:

Breytingartillaga í samræmi við breytingar á 108. gr. a. laga nr. 3/2006 um ársreikninga, sem tóku gildi 31. janúar 2024.

Annars vegar felst breytingartillagan í því að ef það á að skipa einstakling í endurskoðunarnefnd sem er ekki stjórnarmaður, þá skal hann tilnefndur í endurskoðunarnefnd af ársfundi lífeyrissjóðs.

Hins vegar felst breytingartillagan í því að ársfundur sjóðsins getur kosið endurskoðunarfyrtækis til að fara með störf endurskoðunar, í stað þess að kosinn sé tiltekinn endurskoðandi til að fara með það hlutverk. Þessi breyting er í samræmi við venju og gildandi lög.